



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Inngangur	3
2024-2025	3
2025-2026	4
Leiðarljós leikskólans	5
Mat á skólastarfi	5
Innra mat leikskólans	5
Matsáætlun	6
Innra mat 2024-2025	6
Umbótaáætlun	8
Áherslur í starfi leikskólans.....	8
Þróunar- og nýbreytnistarf	8
2024-2025	8
2025-2026	9
Foreldrasamstarf	9
Foreldraráð	10
Foreldrafélag	10
Starfsmannamál	10
Símenntunaráætlun	10
Skipulagsdagar.....	11
Aðrar upplýsingar	11
Húsnæði og lóð	11
Skólaárið 2024 - 2025	11
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026	12
Öryggismál.....	12
Fylgigögn.....	13
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar mars 2025	13
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun 2025-2026	13
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal 2025-2026	13
Fylgiskjal 4 – umsögn foreldraráðs	13
.....	18

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Leikskólinn Álfaheiði er rekinn af Kópavogsbæ og hóf starfsemi sína 1. desember 1990. Leikskólinn er fjöggra deilda og þar dvelja að jafnaði 79 börn á aldrinum 1-6 ára frá klukkan 7:30-16:30, þó lokar deild yngstu barnanna klukkan 16:00 en yngstu börnin geta sameinast eldri deildum eftir klukkan 16 sé þess þörf. Leikskólinn er 602 m² að stærð, þar af er leikrými barna 264 m² og lóðin er 3120 m². Í leikskólanum er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (e.Values based Education), þar sem átta jákvæðum lífsgildum er fléttað inn í allt skólastarf á tveggja ára tímabili.

2024-2025

Um miðjan febrúar 2025 sameinuðumst við aftur í nýuppgerðu húsnæði leikskólans eftir 11 mánaða dvöl tveggja deilda í skátaheimilinu vegna myglu. Mjög umfangsmiklar framkvæmdir áttu sér stað á húsnæði leikskólans og iðnaðarmenn voru að störfum lengi eftir að full starfsemi hófst á ný í Álfaheiði.

Nauðsynlegt var að endurnýja nánast allan húsbúnað, leikföng og námsgögn á deildunum Brekku og Hjalla og í vinnuaðstöðu kennara. Skólaárið fór því að miklu leyti í að aðlaga tímabundna húsnæðið að starfsemi leikskóla, sinna eftirliti með framkvæmdum og láta starfsemi leikskólans ganga í sátt og samlyndi við hávaðasamar framkvæmdir, endurnýja húsbúnað, innréttingar og námsgögn og viðhalda góðum starfsanda. Þökk sé frábærri samvinnu við foreldra og samheldnum og úrræðagóðum starfsmannahópi, tókst okkur í sameiningu að komast í gegnum þetta erfiða verkefni. Við erum afar ánægð með allar umbætur sem hafa átt sér stað á húsnæðinu og bættri hljóðvist á deildunum tveimur en fegnust erum við því að allir eru komnir aftur heim.

Vegna mikils umfangs sérkenndu (71 klst. í lok vetrar) var samþykkt tveggja barna fækkun á skólaárinu og heildarfjöldi barna var því 77 í stað 79.

Kópavogsmódelið (hækkun gjaldskrár) hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans og dregið verulega úr meðaldvalartíma barna (sem er 6,86 klst. þann 1. september 2025) og þar með dregið verulega úr daglegu álagi á starfsfólk leikskólans. Þar sem ekkert foreldri óskaði eftir dvalartíma frá klukkan 7:30 eða til 16:30 styttist opnunartími leikskólans um 30 mínútur á dag, í **7:45-16:15** á skólaárinu.

Lokanir um hátíðir og í vetrarfríum hafa sömuleiðis dregið verulega úr álagi vegna vinnustyttingar/betri vinnutíma starfsfólks, eins og kemur fram í starfsmannakönnun Skólapúlsins og vinnustaðargreiningu sem framkvæmdar voru á vormánuðum 2025. Nokkuð hefur verið um að foreldrar skrái börn sín í dvöl á skráningardögum en nýta ekki tímann eða hætta við á síðustu stundu þegar búið er að manna skráningardaga miðað við fjölda, aldur og þörf fyrir sérstakan

stuðning. Að okkar mati er það dræm nýting á mannauði leikskólans, sem er frá í annan tíma þegar starfsemin er í fullum gangi.

-Haust-skráningardaga 2024 voru 9 börn skráð, raunmæting 7 börn.

-Um jól 2024 voru 6 börn skráð, raunmæting 3 börn.

-Í febrúar 2025 voru 3 börn skráð, raunmæting 0.

-Í dymbilvikunni 2025 voru 9 börn skráð og mættu öll.

Í öllum tilfellum voru börn með miklar stuðningsþarfir skráð í dvöl og voru meðal þeirra sem nýttu ekki skráninguna. Kópavogsbær mætti íhuga að rukka foreldra sérstaklega fyrir skráningardaga, í stað þess að fella niður gjöld, til að draga úr tilhæfalausri skráningu og bæta nýtingu mannauðs.

Í september 2024 fór starfsmannahópurinn í námsferð innanlands, þar sem við tókum þátt í ráðstefnunni UTÍS online og heimsóttum nýlega leikskóla á suðurlandi. Markmið með skólaheimsóknunum var meðal annars að fá hugmyndir að innréttingum og húsbúnaði.

Þrátt fyrir áskoranir við faglegt starf vegna myglunnar, fengum við afhentan níunda Grænfánann þann 23. maí 2025 og endurnýjun viðurkenningar UNICEF sem réttindaskóli í júní 2025.

Í upphafi skólaársins fengum við heimsókn á vegum SOS samtakanna, en Sonam starfar fyrir menntamálaráðuneyti Tíbeta í útleigð og hefur yfirumsjón með lestrarkennslu í 45 skólum fyrir tibetsk börn á Indlandi og í Nepal. Hún ólst upp í barnaþorpi SOS, var stödd hérlandis að heimsækja styrktarforeldri sitt og langaði til að gefa af sér og læra af okkur.


Á vormánuðum höfum við tekið á móti fjölmörgum erlendum gestum: skólastjórnendum frá Austurríki, hópi kennara frá Danmörku og fulltrúum þátttakenda á leiðtogafundi ISTP (menntamálaráðherrar og formenn kennarasambanda ríflega tuttugu þjóða). ISTP gestirnir sem komu til okkar voru frá Finnlandi, Noregi, Suður Afríku og Brasilíu auk formanns FSL.

Að auki heimsótti okkur hópur þátttakenda á ráðstefnu um evrópskt samstarf um leikskólamál.

2025-2026

Kópavogsmódelið hefur stuðlað að aukinni vellíðan og velferð barna og starfsfólks í leikskólanum. Flestir foreldrar hafa stýtt daglegan dvalartíma barna sinna og einungis fjögur börn af 77 eru með dvalartíma umfram 8 klukkustundir. Ekkert foreldri hefur óskað eftir dvalartíma frá klukkan 7:30 né til klukkan 16:30 því verður opnunartími leikskólans á skólaárinu **7:45-16:15**.

Sú nýbreytni er nú í haust að öll ný börn byrja í gjaldfrjálsri dvöl á aðlögunartímanum óháð ósk foreldra um dvalartíma í umsókn. Þegar barnið er orðið öruggt í leikskólanum er foreldrum frjálst að lengja dvalartímann. Margir foreldrar eru enn að prufa sig áfram varðandi samræmingu vinnu og einkalífs og óskir um breytingar á dvalartíma barna eru tíðar. Við erum mjög sveigjanleg og verðum við óskum foreldra sem fyrst hvort sem um ræðir að lengja eða stytta dvalartíma barna.



Vegna umfangs sérkennslu og fyrirferðarmikilla hjálpartækja (6 stöðugildi/48 klst.) hefur verið samþykkt áframhaldandi tímabundin fækkun barna úr 79 í 77.

Öllum leikskólaplássum hefur verið úthlutað í Álfaheiði og leikskólinn er fullmannaður.

Faglegar áherslur komandi skólaárs eru, auk þess að halda á lofti áherslum lífsmenntar, umhverfismenntar og barnasáttmála, að fullmóta læsis- og málstefnu, leggja lokahönd á endurnýjun námskrárinnar og innleiðingu breytinga á aðalnámskrá, ásamt því að efla okkur í móttöku og fræðslu nýliða (sjá símenntunaráætlun fylgiskjal 2).

Leiðarljós leikskólans

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og helsta náms- og þroskaleið barna. Í leikskólanum Álfaheiði er unnið í anda námsefnisins Lífsmenntar (Values based Education) og einkunnarorð leikskólans eru:

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim. Með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi var lagður grunnur að markmiði og hlutverki lífsmenntakennslunnar. Skólar sem vinna með gildi leggja aðaláherslu á jákvæðni, gleði og kærleiksrík samskipti og meginmarkmiðið er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna, siðvit og að þau læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Frekari upplýsingar um hugmyndafræði leikskólans er að finna á heimasíðu og í námskrá leikskólans <http://alfaheidi.kopavogur.is>

Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfaheiði eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir

stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar, ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsáætlun

Aðferðir	Matsþættir	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Starfsmannakönnun	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Starfsmannakönnun	Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Starfsmannakönnun	Faglegt samstarf	x	x		x
Gátlisti, fundir	Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Gátlisti, fundir, nefndir	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Gátlisti	Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Gátlisti, nefndir	Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Gátlisti, nefndir	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Gátlisti	Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Foreldrakönnun, fundir	Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Gátlisti	Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
starfsmannakönnun	Starfsánægja	x	x		x
Starfsmannakönnun, foreldrakönnun, Gátlisti	Viðmót og menning	x	x		x
Foreldrakönnun, foreldrasamtöl, fundir	Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Gátlisti, foreldrakönnun, fundir, foreldrakönnun	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	x		x
	Viðhorf foreldra		x		x
Fundir, gátlisti	Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
fundir	Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Foreldrakönnun, fundir	Opinber birting og umræður		x		x

Innra mat 2024-2025

Grunnþátturinn Sjálfbærni og vísindi var metinn með þar til gerðum matslistum frá Kópavogsbæ. Gátlisti fyrir innra mat (þróaður af matsteymi leikskólans) var fylltur út af starfsfólki hverrar deildar á skólaárinu. Tilgangur gátlistans er að áætla, meta og þróa innan hverrar deildar m.a.: daglegt starf, fundi, skipulag, mat barna, þátttöku í sí- og endurmenntun starfsfólks, viðburði, foreldrasamstarf og stjórnun.

Fjölbreyttar nefndir eru starfandi innan skólans sem hafa skilgreind markmið, hlutverk og tíma til samráðs. Nefndirnar tryggja aðkomu allra starfsmanna og þær eru vettvangur fyrir ígrundun og endurmat og stuðla að skólaþróun. Nefndir sem skipaðar eru fulltrúum hverrar deildar og skólastjórnendum hittust reglulega þökk sé fundadagatali leikskólans, mátu og samræmdu áherslur m.a. varðandi: lífsmennt, Barnasáttmálann, umhverfisstörf og innra mat.

Teymisfundir vegna barna með sérparfir og eða í samþættri þjónustu voru reglulega allt skólaárið. Lausnarteymi leikskólans fundaði reglulega en í lausnarteyminu sitja sérkennslustjóri,

leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri þeirrar deildar sem fjallað er um hverju sinni. Deildarfundir voru á 3 vikna fresti og deildarstjórafundir vikulega (sjá nánar í símenntunaráætlun, fylgiskjal 2). fundargerðir ofangreindra funda eru ritaðar og aðgengilegar hlutaðeigandi. Skemmtinefnd og stjórn starfsmannafélags funduðu varðandi þætti og viðburði sem snúa að starfsanda á vinnustað.

Börnin mátu meðal annars:

- vináttu (eiga öll börn vin?)
- svöruðu gátlista um notkun vatns, úrgang og neyslu
- mátu líðan sína í mismunandi stundum dagskipulags og rýmum: á lóð leikskólans, hvíld, salerni o.fl.
- hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum
- hvað felst í þeim gildum sem áhersla var á síðasta vetur
- hvað leikskólakennari gerir
- hvað mér finnst
- hvað er boðið upp á í hádegisverð í leikskólanum
- leikefni inni og úti og samskipti við jafnaldra
- hverju þau fá að ráða
- líðan sína með aðstoð tilfinningaskrímsla /tilfinningaklemmunni

Verkefnið Okkar leikskóli var framkvæmt á skólaárinu. Kópavogsbær úthlutaði fjármagni (1000 krónur á hvert barn í leikskólanum) og börnin ákváðu á lýðræðislegan hátt hvernig peningnum skildi varið til þess að gera leikskólann betri.

Eftirfarandi mælitæki (EFI-2, TRAS og HLJÓM-2) eru nýtt markvisst til þess að skima málþroska og hljóðkerfisvitund allra barna í leikskólanum á mismunandi aldri. Markmiðið er að greina frávik í málþroska, grípa til snemmtæktrar íhlutunar þar sem þess er þörf og veita markvissa málörvun. Niðurstöðum HLJÓM-2 var jafnframt skilað til grunnskóla á vormánuðum fyrir hvern verðandi grunnskólanemanda.

Í tengslum við endurnýjun grænfána og réttindaskóla, var umhverfismennt og barnasáttmálastarfið endurmetið ýtarlega með skýrslugerð og endurgjöf Landverndar og UNICEF.

Ytra mat 2024-2025

Á vormánuðum 2025 voru framkvæmdar bæði viðhorfsskönnun foreldra og starfsmanna á vegum Skólapúlsins. Jafnframt bárust á haustmánuðum 2024 niðurstöður vinnustaðargreiningar sem Prósent lagði fyrir alla starfsmenn Kópavogs vorið 2024. Umbótaáætlanir voru unnar úr þessum þremur könnunum og í fylgiskjali 1, má finna umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í mars 2025. Niðurstöður voru afar jákvæðar og mikill jákvæður munur frá vinnustaðagreiningu sem framkvæmd var vorið 2024 (á meðan leikskólinn var á tveimur starfsstöðvum). Áberandi var að starfsfólk upplifir minna vinnuálag, gott samstarf í leikskólanum og góðan starfsanda.

Niðurstöður sýndu tölfræðilega marktækan jákvæðan mun varðandi eftirfarandi þætti: skuldbindingu til vinnustaðar, ánægju með fyrirkomulag vinnustyttingar sanngjörn forysta, stuðningur næsta yfirmanns, ánægja með stuðning við börn með sérþarfir, aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og virkni foreldra í leikskólastarfinu.

Í opnum svörum var áberandi að starfsfólk upplifir að of mörg börn eru áætluð á hvert stöðugildi og of mörg börn miðað við rými. Bæta mætti öryggi starfsfólks þegar slys eða tjón á munum verða af

völdum barna og efla fræðslu til að takast á við hegðunarerfiðleika barna. Skort á rými til undirbúnings, samtals og funda og að leiktæki á lóð leikskólans þarfnist yfirhalingar. Sérstök ánægja var með samstarfsfólk, samskipti, stjórnendur, fæði og starfsanda á vinnustaðnum, fagmennsku, stöðugleika í starfsmannahópnum og líðan starfsfólks.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana.

Áherslur í starfi leikskólans

Átta lífsgildum er fléttað á fjölbreyttan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Unnið hefur verið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010, en lífsmennt byggir, eins og áður hefur komið fram á Barnasáttmálanum.

Álfaheiði er Réttindaskóli UNICEF en í því felst að byggja upp lýðræðislegt umhverfi í leikskólanum, standa vörð um réttindi barna og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Réttindaskólaverkefnið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er alþjóðlegt verkefni sem snýst um að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Leikskólinn Álfaheiði er jafnframt Sólblómaleikskóli, en börn, foreldrar og starfsmenn í leikskólanum styrkja í sameiningu framfærslu Isabellu sem býr í barnaþorpi SOS í Tansaniu. Við fræðumst saman um hag hennar og annarra barna sem búa við misjafnar aðstæður um allan heim ásamt því að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn að betri stað fyrir alla.

Við vinnum með forvarnarverkefnið Vináttu, frá Barnaheill, sem fellst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag og eiga góð samskipti.

Leikskólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt og hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í leikskólanum í samvinnu við foreldra þ.e. mikilvægi þess að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Markmið með snemmtækri íhlutun er að tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar alhliða þroska þeirra og velferð.

Nánari upplýsingar um hugmyndafræði og skólastarf Álfaheiði er að finna á heimasíðu leikskólans og í skólanámskrá. <http://alfaheidi.kopavogur.is>

Þróunar- og nýbreytnistarf

2024-2025

Skólaárið 2024-2025 var sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: frið, hugrekki, kærleika og umburðarlyndi. Þemu leikskólans í umhverfismennt voru lýðheilsa, neysla og úrgangur.

Við endurnýjuðum viðurkenningu sem Réttindaskóli og fengum níunda Grænfánann, en í því felst

mikið samráð og ígrundun.

Uppfærsla á námskrá leikskólans með tilliti til breytinga á aðalnámskrá leikskóla var fyrirferðarmikil í þróunarstarfi leikskólans á skólaárinu þar sem skipulagsdagar voru nýttir til þess að tryggja aðkomu allra starfsmanna.

Í lok september 2024 fór starfsmannahópurinn í náms- og kynnisferð innanlands, heimsóttum leikskóla á Selfossi og Hvolsvelli og tókum þátt í ráðstefnunni UTÍS Online í húsakynnum KÍ á Flúðum, þar sem kynningarmyndband um Lífsmennt í Álfaheiði var meðal dagskrárliða.

Allt skólaárið var nýtt til þess að endurhanna húsnaði og húsbúnað leikskólans, með aðkomu þeirra starfsmanna sem starfa á deildunum tveimur.

Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri komu að mati og þróun LANIS í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og sérkennslustjóri var iðin m.a. við innleiðing farsældarfrumvarps með samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur og umfangsmikla sérkennslu og teymisvinnu á tveimur starfsstöðvum. Í lok skólaársins voru 15 mál í samþættingu.

Starfsmenn tóku þátt í fjölbreyttum starfstengdum námskeiðum á skólaárinu allir starfsmenn leikskólans hafa tekið netnámskeið BOFS um kynferðisofbeldi gegn börnum og eftirfarandi eru meðal þeirra námskeiða sem starfsmenn hafa sótt: leiðbeinanda/nýliðanámskeið Menntasviðs, Jákvæður agi, fjölbreyttar tjáskiptaleiðir, áföll, PECS, foreldrasamstarf, tákn með tali, deildarstjóranámskeið o.fl.

2025-2026

Skólaárið 2025-2026 verður sérstök áhersla á eftirfarandi gildi: virðingu, samvinnu, ábyrgð og þakklæti. Þema leikskólans í umhverfismennt er lýðheilsa. Sá grunnþáttur menntunar sem verður metin á skólaárinu er læsi og samskipti. Við ætluðum okkur á síðasta skólaári að hluti af hverjum deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum væri helgaður fyrir fram ákveðnum námsþætti, starfsháttum eða námsefni, en myglan og framkvæmdir vegna hennar voru í forgangi. Því er það markmið á komandi skólaári að skipuleggja samráð á þann hátt.

Við fögnum því að breiða út það góða starf sem fer fram í Álfaheiði og tökum gjarnan á móti gestum sem vilja fræðast um starfið. Við byrjuðum skólaárið á að taka á móti fjölmönnum starfsmannahópi Tjarnaráss í Hafnarfirði.

Faglegar áherslur komandi skólaárs eru eins og áður hefur komið fram, auk þess að halda á lofti áherslum lífsmenntar, umhverfismenntar og barnasáttmála, að fullmóta læsis- og málstefnu, leggja lokahönd á endurnýjun námskrárinnar og innleiðingu breytinga á aðalnámskrá, ásamt því að efla okkur í móttöku og fræðslu nýliða. Jafnframt er þörf á að auka meðvitund um tengingu starfsins við heimsmarkmiðin og efla okkur í notkun hæfniramma í íslensku fyrir börn með annað móðurmál og menningarbakgrunn. Nú í upphafi skólaársins eru 7 mál í samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur.

Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Upplýsingar berast til foreldra á upplýsingatöflu í fataherbergjum deilda, með tilkynningum í gegnum Völu, í tölvupósti og á heimasíðu leikskólans.

Leikskólinn starfar eftir lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliðir farsældar í leikskólanum er sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Allir foreldrar fá kynningu á farsældarlögum og samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur: á kynningarfundum fyrir nýja

foreldra að vori, á foreldrafundi að hausti, í tölvupósti frá tengiliðum farsældar í leikskólanum að hausti og í foreldrasamtölum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Foreldraráð leikskólans fundaði tvisvar á hvorri önn með leikskólastjóra og aðstoðarstjóra. Starfsreglur foreldraráðs má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Öflugt foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í Álfaheiði starfar öflugur starfsmannahópur með fjölbreytta reynslu og menntun.

Á komandi skólaári er gert ráð fyrir 11 stöðugildum vegna barngilda, 100% stöðu leikskólastjóra, 50 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra (við höfum þó tímabundna heimild fyrir 25% aukningu á stöðu sérkennslustjóra) og 1,75 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki starfar í eldhúsi 0,5 % viðbótar stöðugildi vegna starfsmanns með skerta starfshæfni. 2,70 stöðugildi vegna afleysinga vegna veikinda og undirbúningstíma kennara, 1,19 st.g. vegna aukins faghlutfalls og 0,63 stöðugildi vegna sumarafleysingar. Vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir tímabundna eða væga íhlutun er 0,98 % stöðugildi.

Til viðbótar eru stöðugildi vegna sérkennslu barna sem hafa þörf fyrir sértækan stuðning, en fjöldi stöðugilda vegna þess er breytilegur og fer eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni. Fyrir komandi skólaár hefur 6 stöðugildum verið úthlutað fyrir börn með brýna þörf fyrir stuðning.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin, síðastliðið sumar störfuðu fjögur ungmenni á vegum vinnuskóla Kópavogs í leikskólanum Álfaheiði.

Nokkrar breytingar eru á starfsmannahópnum, þar sem tveir leikskólakennarar hætta störfum vegna aldurs nú í haust, einn leikskólakennaranemi fluttist búferlum og annar leikskólakennari er á leið í fæðingarorlof. Ekki hafa fengist kennarar í þessar stöður, en dugleg ungmenni ætla að starfa með okkur í þeirra stað næsta skólaár. Einnig höfum við ráðið til okkar leirlistakonu, sem mun vera verkefnastjóri listgreina í 50 % stöðu vegna 3. og 4. flokks.

Stöðugleiki er þó í starfsmannahópnum og hluti hópsins hefur starfað í Álfaheiði frá upphafi, 44% starfsfólks sem sinna uppeldi og menntun barna eru með leyfisbréf, 13% með aðra háskólamenntun og 43% eru leiðbeinendur í SFK, þar af margir með áratuga starfsaldur í Álfaheiði.

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum og þörf starfsmanna fyrir fræðslu og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu og auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á skólaárinu. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Nánari dagskrá má sjá í símenntunaráætlun leikskólans (fylgiskjal 2).

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau (fjöldi námskeiða er að auki í boði á fræðslutorgi á vef Kópavogsbæjar).

Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í Álfaheiði dvelja að jafnaði 79 börn, á aldrinum eins til sex ára, en vegna sérkennslu er tímabundin tveggja barna fækkun. Samsetning barnahópsins er sem hér segir:

6 börn fædd 2024

18 börn fædd 2023

16 börn fædd 2022

16 börn fædd 2021

21 börn fædd 2020

Skólaárið 2025-2026 eru 27 tví- eða fjöltyngd börn: 21 barn sem á báða foreldra með annað móðurmál en íslensku og 6 börn eiga annað foreldri með annað móðurmál en íslensku, frá 13 þjóðlöndum.

Sérkennsla og sértækur stuðningur fer að mestu fram í daglegu starfi, í eins fámennum hópum og aðstæður leyfa hverju sinni, en einstaklingsþjálfun fer einnig fram með þeim börnum sem þess þurfa. Sérkennslustjóri vinnur skýrslu á hverju vori þar sem tölulegum upplýsingum, framkvæmd og leiðum í sérkennslu síðasta vetrar er lýst.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Viðamiklar framkvæmdir áttu sér stað á deildunum Hjalla og Brekku, í listaskála, þvottahúsi og starfsmannasalerni. Skipt var m.a. um loftaplötur og lýsingu í vinnuaðstöðu kennara, skrifstofu skólastjóra og kaffistofu starfsmanna, þar sem einnig greindist vottur af myglu.

Hluti innihurða var skipt út og útidyrhurðum á deildunum Brekku og Hjalla. Að auki hefur hljóðvist verið bætt á Lundi, deild elstu barnanna og viðbótar-vinnuaðstaða starfsmanna á háalofti er langt komin en er enn í vinnslu. Þar sem áður var úti-dótageymsla er nú aðstaða fyrir ræstingu og lítill skúr var byggður á lóðinni fyrir leikföng. Nýtt þak var lagt á allt húsið haustið 2024.

Endurbætur innan húss voru gerðar í miklu samráði við stjórnendur starfsfólk með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi og með tilliti til athugasemda Vinnueftirlitsins.

Vinna er hafin að skipta út ónýtri klæðningu á húsinu og fjölmörgum gluggum á suðurhlíð hússins.

Mikill eldur kviknaði þegar kveikt var í ruslagámum sem stóðu við girðinguna nálægt austurenda hússins. Girðingin hefur verið lagfærð og steypar einingar eru nú umhverfis ruslagámana sem ekki

er hægt að opna án lykils.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Leikskólinn Álfaheiði opnaði 1. desember 1990 og þörf er á stöðugu viðhaldi á húsi og lóð, innan sem utan til að koma í veg fyrir niðurníðslu húsnæðisins. Það er einlæg ósk okkar að sá hluti hússins sem ekki þótti ástæða til að fara í framkvæmdir í vegna myglunnar, deild yngstu barnanna, fái yfirhalningu fljótlega s.s. nýjan gólfduk, bætt hljóðvist, lýsingu, nýjar innihurðir og útihurð. Jafnframt er komið að endurnýjun borða og stóla á yngstu deildinni, þar sem upprunalegur húsbúnaður er slitinn og kominn vel til ára sinna.

Gott væri að skipta út inni- og útihurð á deild elstu barna og klæða loftræstitæki og bæta þar með hljóðvist í rýminu.

Vinnueftirlitið gerði athugasemd við stærð vinnuaðstöðu kennara og því höfum við hafist handa við að útbúa viðbótar vinnuaðstöðu á háalofti. Nauðsynlegt er að fjárfesta í hirslum, 2 skrifborðum, stólum og tölvuskjáum til þess að rýmið þjóni tilgangi sínum.

Lóð leikskólans var gerð upp að hluta sumarið 2012 og smávægilegar lagfæringar hafa átt sér stað undanfarin ár s.s. runnar fjarlægðir og lýsing bætt á lóð og bílastæði. Að mati starfsfólks, foreldra og barna er brýn þörf á lagfæringu á lóð og leiktækjum. Óskir um viðhald á lóðinni hafa verið sendar á garðyrkjudeild Kópavogs.

Vonir standa til að réttindaráð barna hafi aðkomu að hugmyndavinnu að bættri leikskólalóð þegar þar að kemur.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís. Skólaárið 2024-2025 urðu 2 minniháttar slys á börnum: eitt fingurbrot á lóð leikskólans þar sem barn hrasaði um ójafnar verptar gúmmíhellur og eitt tannsls innandyr.

Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar mars 2025

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun 2025-2026

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal 2025-2026

Fylgiskjal 4 – umsögn foreldraráðs

Höfundar: Rakel Ýr Isaksen aðstoðarleikskólastjóri og Anna Rósa Sigurjónsdóttir leikskólastjóri

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Viðmið um árangur	tímarammi
Samskipti og upplýsingaflæði	Fyrirfram skilgreindur tími til foreldrasamráðs.	Deildarstjórar	Að öllum foreldrum bjóðist foreldrasamtal, fyrir upphaf leikskólagöngu, áður en farið er á nýja deild og einu sinni til tvisvar yfir skólaárið.	Foreldrasamráðs-vikur hverrar deildar eru sýnilegar á skóladagatali.
	Hvetja foreldra til þess að skoða Sway og upplýsingatöflu í fataherbergi og nýta til samræðna við börnin. Ýtarlegri kynning á starfsemi og viðfangsefnum deilda á foreldrafundi að hausti.	Deildarstjórar og starfsmenn deilda.	Að allir foreldrar séu upplýstir um dagskipulag, áherslur og viðfangsefni deilda og hvernig dagurinn gekk. Að upplýsingar m.a. um starfsmenn deilda og hlutverk þeirra séu réttar.	Hlekkur á Sway er sendur foreldrum einu sinni í mánuði. Skrifað er á upplýsingatöflu í fataherbergi daglega. Kynning á starfsemi og viðfangsefnum deilda á foreldrafundi að hausti.
	Að kynna og virkja umferð um heimasíðu leikskólans.	Stjórnendur	Að allir foreldrar séu upplýstir um stefnu, námskrá og viðburði leikskólans og að allir viðburðir s.s. dóta-lita og hjóladagar eru sýnilegir þar með fyrirvara.	Komandi viðburðir og hagnýtar upplýsingar á heimasíðu eru uppfærðar að lágmarki einu sinni í mánuði (um mánaðarmót) Gögn varðandi stefnur og nám eru uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.
	Að sýna ávallt nærgætni og jákvætt viðmót í samskiptum við foreldra. Þegar áhyggjur eru af þroska barns, velferð eða hegðun eru mál barns ávallt rædd í einrúmi.	Allir starfsmenn	Að allir foreldrar upplifi traust og nærgætin samskipti við leikskólann og fullvissu um að barn þeirra njóti snemmtæktrar íhlutunar í leikskólanum í góðri samvinnu foreldra og starfsfólks leikskólans.	Þegar áhyggjur vakna eða þörf er á upplýsingum, reynum við að bregðast við tafarlaust eða eins fljótt og auðið er. Nýta skal samskiptabækur ef aðstæður krefjast daglegra samskipta milli heimilis og skóla.
Þátttaka foreldra	Endurskoða tímasetningar viðburða í leikskólanum. T.d. að lengja þann tíma þegar foreldrum er boðið í heimsókn að morgni, þar sem mörg börn mæta kl. 9.	Stjórnendur	Að allir foreldrar hafi tækifæri að kíkja í stutta heimsókn (taka þátt í viðburði) þegar komið er með barn að morgni. Öll börn og foreldrar upplifa sig velkomin á viðburði óháð dvalartíma barns.	Morgun viðburðir 7:45-9:30 Síðdegis viðburðir 13:45 - 15:30
Daglegt starf	Sífelldur endurskoðun fyrirkomulag hvíldar miðað við barnahóp, aldur og	Deildarstjórar	Að hvert barn fái notið leikskóladvalar sinnar og fái daglega hvíld við hæfi.	Hvíldarstundin er endurmetin á mánaðarlegum deildarfundum og í samráði við foreldra.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Viðmið um árangur	tímarammi
	Þroska barna og áhrif á nætursvefn þeirra.			
	Aðlögunartími nýrra barna verði einstaklingsmiðaðri í báða enda.	Deildarstjórar	Að gefa barni hæfilegan tíma til að öðlast öryggi í leikskólanum og koma í veg fyrir bakslag í aðlögun.	Við upphaf leikskólagöngu og í samráði við foreldra.
	Mótun skýrari agastefnu og kynning til foreldra- Hvernig brugðist er við óæskilegri hegðun barna.	Sérkennslu-deildarstjórarstarfsmenn deilda og leikskóla-stjórnendur	Að foreldrar og starfsmenn deilda eru upplýstir um áherslur og að íhlutun allra hlutaðeigandi aðila er samræmd.	Láta foreldra vita samdægurs um öll hegðunar- atvik barns sem krefjast íhlutunar. Hegðunarmótandi aðgerðir eru ávallt í samráði við foreldra.
	Fjölbreyttari morgunverður í leikskólanum.	Matráður	Hollur, næringarríkur og fjölbreyttur morgunverður alla daga.	Komið til framkvæmdar
Ytra umhverfi	Lóðin þarfnast yfirhalningar, fjölgunar og endurnýjunar á leiktækjum.	Eignadeild Kópavogs	Að leikskólalóðin verði skemmtilegri og bjóði fjölbreyttari tækifæri til náms og útivistar í öruggu umhverfi. Að börnin fái tækifæri til þess að hafa áhrif á framkvæmdina þegar að því kemur.	Endurgerð leikskólalóða í Kópavogi er raðað í forgangs röð og enn eru nokkur ár í að röðin komi að Álfaheiði.

Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2025-2026						
Pátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Starfsfólk deilda	Deildafundur	Upplýsingagjöf, samráð, fræðsla, umræður um starfið og fleira	Mánud / föstudaga 10:00-11:00 /13:00-14:00 Skipulagdagur	60 mín á þriggja vikna fresti, Hver deild ca 120 mín.	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar
Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og matráður	Deildarstjórafundir	Bókun næstu viku, miðlun upplýsinga, umræður um starfið, ákvarðanatöku og samráð stjórnenda-teymis.	föstud. kl:10:00-11:00	60 mínútur einu sinni í viku.	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og sérkennslustjóra.	Miðlun	Miðlun daglegra upplýsinga s.s. fjarvera starfsfólks, viðburðir dagsins o.s.frv.	Alla morgna kl.8:20	5-10 mínútur daglega	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri
Einn áhugasamur fulltrúi frá hverri deild auk leikskólaskólastjóra/aðstoðar- og eða sérkennslustjóra.	Nefndir og ráð	Nefndir og ráð leiða, samræma áherslur og meta starfið. Nefndirnar eru vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Mánudaga og föstudaga 10:00-11:00 /13:00-14:00	60 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Stjórnendur
Deildarstjórar	Samráðsfundur deildarstjóra	Vettvangur fyrir virkar samræður um starfið, handleiðslu, ígrundun, innra mat og skólaþróun.	Alla fimmtudaga 9:00-10:00	60 mínútur hver fundur	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og veita tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans.	haust 2025	30 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Fylgiskjal 2 Símenntunaráætlun Álfaheiði 2025-2026						
Þátttakendur	Lýsing	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla/samtöl	Stuðst við móttökuáætlun.	Fyrstu 3 mán. í starfi	ca 30 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildarstjóri
Leikskólakennarar	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna.	1 x á vorönn 1 x á haustönn	2 klst.	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Starfsmannafundir	Deildarfundir utan dagvinnutíma	1 x á haustönn 1 x á vorönn	2 klst.	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Kynning á starfsemi deilda Sérkennsla í Álfaheiði Erindi frá talmeinafræðingum Áætlanagerð/gátlisti	26. sept. 2025	7.5 klst.	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Mótun- Mál og læsistefnu Hæfniramma ISAT námskrá- uppfærsla	12. nóv. 2025	7.5 klst.	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Hegðunarvandi Tengslamiðuð nálgun Deildarfundir	29. jan. 2026	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	kynningar á símenntun starfsfólks- Kynning á starfi milli deilda	10.mars 2026	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Mat á vetrarstarfi, mótun umbótaáætlunar- innra mat Hópefli	15. maí 2026	7.5 tímar	Unnið á vinnutíma og tekið af yfirvinnukvóta (hlutastarfsmenn)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Fylgiskjal 3 leikskóladagatal

Samband
Íslenskra

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

Leikskólinn Álfaheiði

Víðing	Víðing	Víðing	Samvinnu	Samvinnu	Samvinnu	Ábyrgð	Ábyrgð	Ábyrgð	Pakklaði	Pakklaði	Pakklaði
AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumaríðkun	1 M	1 M Abellfundur	1 L Leisun saman	1 M Abellfundur	1 F Njándagur	1 S	1 S	1 M Skirningardagur	1 F Verkalýðdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ Þrýngingaráttir	2 F	2 S Leisun saman	2 Þ Abellfundur	2 F Skirningardagur	2 M	2 M Abellfundur	2 F Skirningardagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M Abellfundur	3 M	3 L	3 Þ Þrýngingaráttir	3 Þ	3 F Abellfundur	3 S	3 M	3 F
4 M Abellfundur	4 F	4 L	4 Þ Leisun saman	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M Abellfundur	4 F	4 L
5 Þ Sumaríðkun	5 F	5 S	5 M Leisun saman	5 F Abellfundur	5 M	5 F	5 F	5 S Abellfundur	5 Þ	5 F Abellfundur	5 S
6 M Sumaríðkun	6 L	6 M	6 F Leisun saman	6 L Abellfundur	6 Þ Abellfundur	6 F Abellfundur	6 F Abellfundur	6 M Abellfundur	6 M	6 L	6 M
7 F Abellfundur	7 S	7 Þ Þrýngingaráttir	7 F Leisun saman	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S Abellfundur	7 Þ Abellfundur
8 F	8 M Dagur leikis	8 M	8 L Abellfundur	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumaríðkun
9 L	9 Þ	9 F	9 S Leisun saman	9 Þ Þrýngingaráttir	9 F	9 M	9 M Abellfundur	9 F Abellfundur	9 L	9 Þ Þrýngingaráttir	9 F Sumaríðkun
10 S	10 M	10 F	10 M Abellfundur	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ Abellfundur	10 F Abellfundur	10 S	10 M	10 F Sumaríðkun
11 M	11 F	11 L Abellfundur	11 Þ Leisun saman	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M Abellfundur	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M Abellfundur	12 F Abellfundur	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M Abellfundur	13 F Leisun saman	13 L	13 Þ Þrýngingaráttir	13 F Abellfundur	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M Sumaríðkun
14 F	14 S	14 Þ	14 F Abellfundur	14 F	14 M	14 L	14 L	14 Þ Abellfundur	14 F Þrýngingaráttir	14 F Abellfundur	14 Þ Sumaríðkun
15 F Abellfundur	15 M	15 F	15 L Leisun saman	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Abellfundur	15 M	15 M Sumaríðkun
16 L	16 Þ	16 F	16 S Abellfundur	16 Þ	16 F	16 M	16 M Abellfundur	16 F	16 L	16 F Abellfundur	16 F Sumaríðkun
17 S	17 M	17 F	17 M Leisun saman	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ Abellfundur	17 F	17 S	17 M Abellfundur	17 F Sumaríðkun
18 M	18 F	18 L	18 Þ Þrýngingaráttir	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M Abellfundur	18 F	18 L
19 Þ	19 F Abellfundur	19 S	19 M Leisun saman	19 F Abellfundur	19 M	19 F	19 F Abellfundur	19 S	19 Þ Þrýngingaráttir	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M Abellfundur	20 F Abellfundur	20 L	20 Þ	20 F Abellfundur	20 F Abellfundur	20 M	20 M Abellfundur	20 L	20 M Sumaríðkun
21 F	21 S	21 Þ	21 F Leisun saman	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumaríðkun
22 F	22 M	22 M	22 L Leisun saman	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F Abellfundur	22 M	22 M Sumaríðkun
23 L	23 Þ	23 F	23 S Leisun saman	23 Þ Þrýngingaráttir	23 F Abellfundur	23 M Abellfundur	23 M	23 F Abellfundur	23 L	23 Þ	23 F Sumaríðkun
24 S	24 M	24 F	24 M Leisun saman	24 M Abellfundur	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Abellfundur	24 M	24 F Sumaríðkun
25 M	25 F	25 L Abellfundur	25 Þ Leisun saman	25 F Abellfundur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Abellfundur	25 F	25 L
26 Þ	26 F Abellfundur	26 S	26 M Leisun saman	26 F Abellfundur	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ Abellfundur	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Abellfundur	27 F Leisun saman	27 L	27 Þ	27 F Abellfundur	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumaríðkun
28 F	28 S	28 Þ	28 F Abellfundur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumaríðkun
29 F	29 M	29 M	29 L Leisun saman	29 M Abellfundur	29 F Abellfundur		29 S Abellfundur	29 M	29 F	29 M	29 M Sumaríðkun
30 L	30 Þ	30 F	30 S Leisun saman	30 Þ Abellfundur	30 F Abellfundur		30 M Abellfundur	30 F Abellfundur	30 L	30 Þ	30 F Sumaríðkun
31 S		31 F Abellfundur		31 M Abellfundur	31 L		31 Þ Abellfundur		31 S		31 F Sumaríðkun

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Kópavogur 29.08.2025

Umsögn foreldraráðs með starfsáætlun 2025-2026

Sem fyrr ber starfsáætlunin glöggvitni um vandað og faglegt starf sem unnið er á leikskólanum Álfheiði. Hún er skýr, vel upp sett og gefur góða mynd af þeirri starfsemi sem fram undan er og því sem unnið hefur verið að á liðnum misserum. Fram undan eru spennandi verkefni í skólastarfinu, svo sem markviss vinna í anda UNICEF, en Álfheiði er réttindaskóli, áframhaldandi starf í anda Lífsmenntar sem stuðlar að jákvæðum gildum, vinna með forvarnarverkefnið Vináttu, auk verkefna í tengslum við Grænfánann, sólblómaverkefnið og Okkar leikskóli þar sem börnin gátu ráðstafað fjármunum til að gera leikskólann betri, svo nokkuð sé nefnt. Þetta eru allt verðug og mikilvæg viðfangsefni sem brýnt er að vinna í nánú samstarfi við börnin sjálf.

Kópavogsmódelið hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans og fagnar foreldraráðið því.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með starfsáætlunina í heild, það góða starf sem hún ber vitni um og þau verðugu verkefni sem þar er að finna.

Fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Álfheiði

Arnór Sveinn Aðalsteinsson

